

Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, skorar á stjórnvöld að auka landvörslu við Mývatn og Laxá. Verndarsvæðið hefur gildi á heimsmælikvarða. Það er á rauðum lista Umhverfisstofnunar sem þýðir að það er í verulegri hættu og er að tapa eða hefur tapað verndargildi sínu að hluta. Fjölgun ferðamanna allt árið gerir nauðsynlegt að veita fé til uppbyggingar, verndunar og aukins eftirlits. Meiri landvarsla eykur öryggi ferðamanna og bætir upplifun þeirra. Fjöregg lýsir einnig verulegum áhyggjum af ferðamannastöðum utan verndarsvæða í Mývatnssveit, svo sem Hverarönd og Leirhnjúk. Nauðsynlegt er tryggja öryggi ferðamanna þar og sjá til þess að verndargildi svæðanna skerðist ekki.

Fjöregg tekur undir þá kröfu Landverndar að umhverfisáhrif raflína frá Kröflu að Bakka við Húsavík verði metin að nýju. Framkvæmdin felur í sér veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á hraunið vestan við Hvíthólaklif. Þar að auki myndi hún valda mikilli skerðingu á lítt snortnum víðernum sunnan Gæsafjalla. Þá myndi raflína á þessu svæði hafa neikvæð áhrif á útsýni frá Leirhnjúk. Almennt myndi framkvæmdin hafa verulega neikvæð áhrif á nýtingu svæðisins fyrir ferðaþjónustu.